


Samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra annars vegar og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, hins vegar


1. Félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra munu leggja til í frumvörpum til fjárlaga að Alþingi veiti eftirfarandi framlög ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða, skv. 7. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, verði eftirfarandi:
 - a. Á árinu 2015 verður framlagið 200 m.kr.
 - b. Á árinu 2016 verði framlagið 650 m.kr.
 - c. Á árinu 2017 verði framlagið fjárhæð sem nemur 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds, samkvæmt lögum um tryggingagjald, eins og gjaldstofninn er áætlaður í fjárlögum fyrir það ár.
2. Öllum þeim sem atvinnutengd starfsendurhæfing getur gagnast til að verða virkir á vinnumarkaði verði tryggð atvinnutengd starfsendurhæfing hjá VIRK, starfsendurhæfingarsjóði, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. einnig 9. gr. laganna um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.
3. Skipulagsskrá VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, verður breytt á næsta ársfundi sjóðsins þannig að við bætist stjórnarmaður skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra.
4. Allir aðilar þessa samkomulags eru sammála um þá brýnu þörf að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats innan almannatryggingakerfisins og mats á orkutapi innan lífeyrissjóðskerfisins.

Reykjavík 4. mars 2015

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra



F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs



F.h. félags- og húsnæðismálaráðherra

